

## Skýrsla Gæðingadómarafélags LH.

Fræðsla og menntamál er það helsta í innra starfi G.D.L.H. Er það öflug fræðslunefnd sem mæðir þar mest á og er hún í góðu samstarfi við stjórn G.D.L.H.

Upprifjunarnámskeið eru á hverju vori (mars og apríl) í Reykjavík, Borgarnesi og á Hólum. Nýdómaranámskeið voru haldin í Danmörku, Þýskalandi og á Hólum. Einnig var haldið landsdómaranámskeið á Hólum. Mikill metnaður er hjá G.D.L.H. að efla gæðingakeppnina erlendis og hefur fræðslunefndin unnið mikið og metnaðarfullt starf, útbúið kennslugögn og staðið fyrir nýdómaranámskeiði í Herning í Danmörku þar sem útskrifaðir voru sjö nýir dómara og þónokkrir komu á upprifjunarnámskeið. Því næst var haldið nýdómaranámskeið í Þýskalandi. Á því námskeiði sátu líka nokkrir aðilar sem höfðu fengið diplóma í gæðingadómum hjá einstaklingum sem gáfu sig út fyrir að vera með námskeið í gæðingadómum og útskrifuðu dómara, ekki í neinum tengslum við LH eða í umboði þess. Var þetta mál að þvælast fyrir eðlilegri útrás gæðingakeppninnar. En með tilstuðlan stjórn LH og aðila erlendis var því lent á þann veg að þeir sem höfðu fengið diplómað sátu námskeiðið og tóku þátt í því að öllu leyti nema að taka lokaprófið. Útskrifuðust fjórtan nýdómarar í Þýskalandi. Nú er brýnt að fylgja eftir þessari útrás okkar í gæðingakeppninni.

G.D.L.H. hefur tilnefnt tvo dómara úr röðum Íslendinga sem eiga að sitja í sérstakri gæðinganefnd á vegur FEIF og er tilgangur hennar að halda utan um mál gæðingakeppninnar erlendis.

Á Hólum var haldið nýdómaranámskeið í tengslum við reiðkennaradeild skólans. Stjórn G.D.L.H. hefur haft verulegar áhyggjur af að ekki hefur verið nýliðun í dómarastéttinni á norður og austurlandi. Var því samið við yfirmenn skólans að víkka út og opna nýdómaranámskeiðið með því að auglýsa það fyrir almenning. Þátttaka var undir væntingum, sérstaklega skilaði sér ekki fólk af norðaustur og austurlandi. Átta nýjir dómara útskrifuðust af þessu námskeiði og fjórir landsdómarar.

Flest hestamannafélögin sóttu um dómara fyrir gæðingakeppnir sínar til skrifstofu LH sem sendi umsóknirnar áfram til stjórnar G.D.L.H. til úthlutunar. Vel gekk að manna flest mót sumarsins.

Fræðslunefnd hefur unnið markvisst að því að finna leið til þess að tryggja betur samhæfingu dóma hjá gæðingadómurum. Unnið var að nýrri hugmynd um eftirlitsdómara sem hefði það hlutverk á stærri mótum að fylgjast með störfum dómara, vinnuferli og samhæfingu. Með starfi eftirlitsdómara er komið á innra eftirliti með störfum dómara hjá G.D.L.H. Eftirlitsdómari starfaði fyrst á Fjórðungsmóttinu á Kaldármelum 2005. Síðan á stærri mótum innan félaga og síðast á Landsmóti 2006 á Vindheimamelum. Val landsdómara á LM 2006 var markvissara nú en áður hefur verið. Sú aðferð var notuð að dómaraefni fyrir LM voru sett á stærstu úrtökur fyrir mótið þar sem fylgst var með störfum þeirra og þau metin. Á úrtökumóti Fáks í Reykjavík var fjölskipður flokkur landsdómara sem dæmdu saman í pörum til samhæfingar og æfingar fyrir LM. Eiga Fáksmenn þakkir skildar fyrir skilning og hjálp við undirbúningsferli okkar.

Á landsmóttinu voru fimmtán landsdómarar að störfum, þar af einn eftirlitsdómari og tveir yfirdómarar. Við úttekt eftirlitsdómarans Halldórs Sigurðssonar á landsmóttinu kemur fram að allar tímaáætlanir stóðust og mótið sérlega vel dæmt. Sýnist okkur að hið öfluga starf fræðslunefndarinnar sé að skila sér.

Fyrir tveimur árum var ákveðið í stjórn G.D.L.H. að setja upp vísir að heimasíðu félagsins þar sem skyldu vera upplýsingar og fréttir fyrir gæðingadómara hérlendis og erlendis. Þessi síða hefur verið sett upp og er hún hlekkur inná heimasíðu LH. Eins og fram hefur komið hefur fræðslunefnd G.D.L.H. verið metnaðarfull og öflug og haldið

okkur sem erum virkir gæðingadómarar við efnið og lögin hafa skikkað okkur til að mæta annaðhvert ár í það minnsta á upprifjunarnámskeið til að halda réttindum. Hefur það verið trú okkar að nauðsynlegt sé fyrir G.D.L.H. að hafa þessa reglu svo stranga til að dómarar séu hæfari að takast á við þau erfiðu verkefni sem dómgæsla er. Hesteigendur og knapar eiga heimingu á því. En félagið fékk á sig kæru frá tveim félögum sem ekki vildu una því að missa réttindi sín eftir tveggja ára fjarveru. Með aðstoð lögmanna komust þeir hjá þessari reglu sem við hin höfum virt. Lækkaði það kröfurnar sem G.D.L.H. hefur talið vera nauðsynlegar fyrir gæðingadómara. Öll umræða um dóma heilt yfir hefur verið á þá leið að öflug menntun og fræðsla hjá félaginu sé undirstöðuatriði til að halda úti góðum dómurum. G.D.L.H. væntir þess að samstarf við forráðamenn hestamenskunnar, erlenda samstarfsaðila og hestamenn almennt verði farsælt á ókomnum árum.

Ágúst Hafsteinsson  
Formaður G.D.L.H.